

Flokkun Eyjafjörður ehf.

# Grænt bókhald

vegna ársins 2007



FLOKKUN

Maí 2008

## Efnisyfirlit

Yfirlýsing stjórnar	.....2
Áritun endurskoðenda	.....3
Almennar upplýsingar	.....4
Afmörkun starfseminnar	.....5
Hráefnis- og auðlindanotkun	.....6
Helstu umhverfisáhrif	.....7

## Yfirlýsing stjórnar

Hér birtist skýrsla Flokkunar Eyjafjörður ehf./Sorpeyðing Eyjafjarðar bs. um grænt bókhald fyrir urðunarstað úrgangs á Glerárdal fyrir árið 2007, sbr. reglugerð nr. 851/2002. Starfsemin á urðunarstaðnum felst í móttöku úrgangs, þjöppun hans og frágangs yfirlags. Ekki urðu teljandi breytingar á starfseminni á árinu frá því sem verið hefur. Nýtt fyrirtæki Flokkun Eyjafjörður ehf. tók við rekstri urðunarstaðarins ásamt öllum réttindum og skyldum Sorpeyðingar Eyjafjarðar bs. frá og með 1. júlí 2007. Flokkun Eyjafjörður ehf. er í eigu sömu sveitarfélaga og stóðu að byggðasamlaginu Sorpeyðing Eyjafjarðar bs.

Akureyri, 14 maí 2008



## Áritun endurskoðenda

Við höfum endurskoðað skýrslu Flokkunar Eyjafjörður ehf. um grænt bókhald fyrir árið 2007. Skýrsla um grænt bókhald er lögð fram af stjórnendum fyrirtækisins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á skýrslunni á grundvelli endurskoðunarinnar.

Megin tilgangurinn með endurskoðun okkar hefur verið að meta hvort skýrsla fyrirtækisins um grænt bókhald samræmist þeim kröfum sem gerðar eru í íslenskri löggjöf, þar með talið:


- að kanna hvort tölulegar upplýsingar séu reiknaðar með áreiðanlegum hætti og settar fram í samræmi við þær aðferðir sem stjórnendur fyrirtækisins hafa skilgreint
- hvort upplýsingarnar séu í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins og þær tölur sem sendar eru þeim aðila sem hefur eftirlit með starfsleyfi vegna mengunarmælinga
- að kanna hvort skilyrðum í lögum og reglum varðandi innhald skýrslna um grænt bókhald sé fullnægt

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að skýrsla um grænt bókhald sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, spurningar til starfsmanna fyrirtækisins, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna tölulegar upplýsingar sem fram koma í skýrslunni. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á því hvort framkvæmd mælinga og útreikninga sé í samræmi við þær lýsingar sem fram koma í skýrslunni. Í endurskoðuninni felst jafnframt mat á þeim aðferðum sem notaðar eru við gerð skýrslunnar.

Það er álit okkar að skýrsla Flokkunar Eyjafjörður ehf. um grænt bókhald á árinu 2007 sé gerð í samræmi við lög og reglur um innihald skýrslna um grænt bókhald og að tölulegar upplýsingar í skýrslunni séu í samræmi við þær aðferðir sem þar er gerð grein fyrir.

Akureyri, 14. maí 2008.

KPMG Endurskoðun Akureyri hf.



## Almennar upplýsingar

### Stjórn

Hermann Jón Tómasson, formaður

Guðmundur Sigvaldason

Bjarnveig Ingvadóttir

Baldvin H. Sigurðsson

Kristín Halldórsdóttir

Framkvæmdastjóri Flokkunar Eyjafjörður ehf. er Eiður Guðmundsson.

### Starfsleyfi

Urðunarstaðurinn á Glerárdal starfar skv. starfsleyfi sem gefið var út á árinu 2004. Það var gefið út af Umhverfisstofnun og gildir til 1. Júlí 2009. Starfsleyfishafi er Flokkun Eyjafjörður ehf./Sorpeyðing Eyjafjarðar bs., Furuvöllum 1, 600 Akureyri. Eftirlit með starfseminni er í höndum Umhverfisstofnunar.

Á árinu 2003 var gefin út reglugerð um meðhöndlun úrgangs, nr. 737/2003 og reglugerð um urðun úrgangs, nr. 738/2003. Í þessum reglugerðum eru gerðar mun strangari kröfur en áður um meðhöndlun úrgangs. Frestur til að mæta hinum nýju kröfum er til ársins 2009.

### Fyrirtækjaflokkur

Starfsemi fyrirtækisins er urðun úrgangs og fellur þar af leiðandi undir fyrirtækjaflokk 5.4 skv. reglugerð nr. 815/2002 um grænt bókhald.

## Afmörkun starfseminnar

### Staðsetning

Urðunarstaðurinn er staðsettur í Glerárdal vestan Akureyrar.

### Stærð fyrirtækisins og athafnasvæði þess

Stærð þess svæðis sem urðunarstaðurinn nær yfir er u.þ.b. 5 hektarar. Urðunarstaðunum fylgir bílavog og lítið vigtarhús.

Rekstrarkosnaður urðunarstaðarins var kr. 64.467 þús. á árinu 2007. Reksturinn fór að mestu fram í verktöku. Starfsmenn urðunarstaðarins komu frá framkvæmdamiðstöð Akureyrarbæjar, akstur yfirlagsefnis og fl. var keyptur frá sama stað.

### Urðaður úrgangur 2001-2007

Ár	Tonn	Íbúar	Kg/íbúa
2001	19960	21122	945
2002	21538	21353	1009
2003	19699	21553	914
2004	17509	21698	807
2005	16614	21832	761
2006	18906	22040	858
2007	17684	22423	789

## Hráefnis og auðlindanotkun

Heildarmagn úrgangs sem barst á urðunarstaðinn á árinu 2007 voru 22.479 tonn og þar af voru 17.684 tonn urðuð. Mismunurinn nemur því magni sem fór í endurvinnslu og/eða flutnings, sem hér segir (tonn):

- |                                    |       |
|------------------------------------|-------|
| • lífrænn úrgangur til moltugerðar | 1.910 |
| • timbur                           | 1.856 |
| • hjólbarðar                       | 1     |
| • grjót-múrbrot                    | 1.028 |

Heildar timbur sem fór til jarðgerðar nam 244 tonnum.

Frá brotamálmsmóttökunni í Krossanesi var flutt 6.390 tonn af brotamálmum.

## Aðföng

Þar sem stærstur hluti rekstar urðunarstaðarins fer fram í verktöku eru einu aðföngin sem keypt eru beint vegna rekstrar eigin tækis (troðara). Heildargreiðsla til Akureyrarbæjar vegna rekstrar urðunarstaðarins var 21.718 þús. kr. á árinu.

Greiðslur vegna vélavinnu og fluttings námu samtals 16.795 þús. kr.

Magn aðfanga, s.s. díselolíu, smurolíu og hjólbarða til urðunarstaðsins á árinu 2007 liggur ekki nákvæmlega fyrir, þó er hægt að taka saman díselolíu um 14.982 L og smurolíu um 166 L, að öðru leyti gefa ofangreindar kostnaðartölur vísbendingu um magnið.

Í yfirlag á urðunarstaðnum var notað 8437 m<sup>3</sup> af sandi og 1.612 tonn af timburkurli.

212 tonn af dekkjakurli voru notuð sem byggingarefni á urðunarstað með sérstöku samþykki Umhverfisstofnunar.

## Helstu umhverfisáhrif

Helstu áhrif urðunarstaðarins á umhverfið felast í landnýtingu hans og losun mengunarefna annars vegar með sigvatni og hins vegar með gasi.

### Losun mengunarefna

#### Sigvatn

Þann 25. október 2007 voru tekin sýni af sigvatni á urðunarstað. Sýnin voru tekin á fjórum stöðum, eins og jafnan áður. Helstu niðurstöður efnagreininga á sýnunum sjást í töflunni hér að neðan. Í töflunni er kvikasilfur tekið sem dæmi um þungmálma, en aðrar tegundir þeirra sem mældir hafa verið eru króm, kopar, sínk, kadmíum og blý. Í öllum tilvikum er magn þeirra langt undir mörkum. Til samanburðar eru sýni tekin á sömu stöðum haustin 2003 til 2006 eftir því sem hægt er.

<b>Sýnatökustaður: P-4</b>	Mörk	2003	2004	2005	2006	2007
Súrefnisþörf (COD) (mg/l)	200	22	8	19	16	36
Ammóníak (mg/l)	10	<0,02	0,03	<0,02	<0,02	<0,02
Halógen sambönd (AOX) alls (µg/l)	500	0,2	0	0,43	0,11	0,09
Kvikasilfur (mg/l)	0,05	<0,000005	0,000048	0,000004	0,000006	0,000005
<b>Sýnatökustaður: P-2</b>						
Súrefnisþörf (COD) (mg/l)	200	65	2	24	12	28
Ammóníak (mg/l)	10	11,2	1,45	5,15	6,68	6,69
Halógen sambönd (AOX) alls (µg/l)	500	0,4	0,2	0	0,13	0,09
Kvikasilfur (mg/l)	0,05	<0,000005	0,000038	<0,000001	0,000002	0,000003
<b>Sýnatökustaður: yfirfall</b>						
Súrefnisþörf (COD) (mg/l)	200	194		325	306	453
Ammóníak (mg/l)	10	92,3		95,3	113	123
Halógen sambönd (AOX) alls (µg/l)	500	29		3,1	6,0	22
Kvikasilfur (mg/l)	0,05	<0,000005		0,000004	0,000003	<0,000002
<b>Sýnatökustaður: brunnur</b>						
Súrefnisþörf (COD) (mg/l)	200	220	653	315	308	451
Ammóníak (mg/l)	10	94,1	127	92,9	121	119
Halógen sambönd (AOX) alls (µg/l)	500	34	4,8	14	5,9	29
Kvikasilfur (mg/l)	0,05	<0,000005	0,00010	0,000008	0,000003	<0,000002



*Gas*

Gasmyndun á urðunarstaðunum var ekki mæld á árinu 2007, en gerðar voru mælingar á metani, kolefnisdíoxíði og súrefni þann. 11. október 2002 og 3. júní 2003. Niðurstöður voru skv. neðangreindri töflu. Tölurnar sýna hlutfallslegt magn viðkomandi gastegundar í þeim þremur holum sem gerðar hafa verið til að hafa eftirlit með gasmynduninni.

	Hola 1		Hola 2		Hola 3	
	2002	2003	2002	2003	2002	2003
%						
Metan (CH <sub>4</sub> )	49,5	61,4	55,0	65,9	57,8	62,8
Kolefnisdíoxíð (CO <sub>2</sub> )	34,7	34,7	36,4	34,1	34,9	36,8
Súrefni (O <sub>2</sub> )	0,6	0,0	0,0	0,0	0,6	0,0

Í öllum tilvikum er um að ræða dælingu í 5 mín. nema í holu 1 árið 2003, þar stóð dælingin yfir í 15 mín.

**Landnýting**

Kappkostað er að nýta það land sem fer undir urðunarstaðinn sem best. Úrgangurinn er þjappaður saman og hann settur í lög hvert yfir annað.